

afplánunar sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4ra vikna frá lögbirtingu dómsins. Ákæru má skilja þannig, að einnig sé krafist refsingar eftir 6. gr. i. f. laga nr. 44/1948, en þau lög eru aðeins fjórar greinar. Átti líklegast að vísast hér í áðurnefnda reglugerð nr. 299/1975, en þar sem hún er ekki nefnd í refsiskröfu ákæruvaldsins, byggist refsing einungis á þeim lagaákvæðum, sem áður greinir.

Ákærði skal einnig dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ. m. t. laun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 70.000.

Dráttur sá, sem hefur orðið frá dómtöku til dómsuppsögu málsins, stafar af önnum dómsforseta, en annar dráttur á rekstri þess verður ekki réttlættur.

Dómsorð:

Ákærði, Björn Ingólfsson, greiði kr. 250.000 í sekt til Landhelgisjóðs, og komi varðhald í tuttugu og fimm daga til afplánunar sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 70.000.

Þriðjudaginn 6. nóvember 1979.

Nr. 119/1978. **Alexander Sigurðsson og
Sigurður Guðbrandsson**
(Jón E. Ragnarsson hrl.)
gegn
Landsbanka Íslands
(Stefán Pétursson hrl.).

Vixilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 9. júní 1978. Krefjast þeir þess aðallega, að málinu verði vísað frá héraðsdómi, en til vara, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnda. Til þrautavara krefjast áfrýjendur sýknu að svo stöddu. Þá krefjast þeir málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Kröfu sína um frávísun sakar frá héraðsdómi byggja áfrýjendur á 1. mgr. 69. gr. laga nr. 85/1936.

Engin haldbær rök eru fyrir kröfu þessari, og verður henni ekki sinnt.

II.

Í héraði höfðu áfrýjendur ekki uppi kröfu um algera sýknu. Er ekki fullnægt skilyrðum 45. gr. laga nr. 75/1973 til að krafa þessi komi til álita fyrir Hæstarétti.

III.

Kröfu sína um sýknu að svo stöddu styðja áfrýjendur þeim rökum, að víxill sá, sem mál þetta er af risið, hafi verið til tryggingar vegna hlaupareiknings nr. 12402, en óvíst sé, hvernig staða reiknings þessa hafi verið, þegar afsögn víxilsins fór fram.

Hér er um víxilmál að ræða, og byggir stefndi kröfu sína á víxli, sem afsagður var með lögmætum hætti. Hafa áfrýjendur ekki haft uppi neinar þær varnir í máli þessu, sem koma má að gegn andmælum stefnda í víxilmáli samkvæmt 208. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 19. gr. laga nr. 93/1933.

Að svo vöxnu máli ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm og dæma áfrýjendur til að greiða stefnda óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, er telst hæfilega ákveðinn 250.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera áraskaður.

Áfrýjendur, Alexander Sigurðsson og Sigurður Guð-

brandsson, greiði stefnda, Landsbanka Íslands, óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, 250.000 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. maí 1978.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. maí 1977, hefur bankastjórn Landsbanka Íslands, Reykjavík, f. h. bankans höfðað fyrir bæjarþinginu með áskorunarstefnu, birtri 10. febrúar sl., á hendur Alexander Sigurðssyni, nnr. 0224-8506, Krummahólum 6, Reykjavík, og Sigurði Guðbrandssyni, nnr. 7558-7121, Sogavegi 138, Reykjavík, in solidum til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 1.000.000 með 3% dráttarvöxtum á mánuði frá 29. nóvember 1977 til greiðsludags, kr. 1.900 í afsagnarkostnað og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndu skiluðu greinargerð þann 28. febrúar sl., og var málinu þá jafnframt vikið til venjulegrar meðferðar.

Stefndu gerðu þær dómkröfur aðallega, að málinu yrði vísað frá dómi, en til vara gerðu þeir kröfu um sýknu að svo stöddu af öllum kröfum stefnanda. Enn fremur gerðu stefndu kröfu um riflegan málskostnað úr hendi stefnanda.

Með úrskurði, uppkveðnum 27. apríl sl., var frávísunarkröfu stefndu hrundið.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

II.

Skuldina kveður stefnandi vera samkvæmt vixli að fjárhæð kr. 1.000.000, útgefnum 26. janúar 1977 af Alexander Sigurðssyni og samþykktum af Stálvirkjanum h/f til greiðslu við sýningu í Landsbanka Íslands, Reykjavík, með ábekingum, útgefanda og Sigurði Guðbrandssyni.

Þann 29. nóvember 1977 hafi víxillinn verið sýndur til greiðslu í afgreiðslusal Landsbanka Íslands, en þar hafi enginn verið, sem vildi innleysa víxilinn, og hafi hann því verið afsagður.

Kröfubréf hafi ekki borið árangur.

III.

Stefnandi byggir kröfu sína á framlögðum vixli og aðrar varnir en þær, sem koma má að í víxilmáli skv. 208. gr. laga nr.

85/1936, fáir ekki komist að í máli þessu. Varnir stefndu séu ekki víxilvarnir, heldur snerti þær lögskiptin að baki víxlinum.

Stefndu styðja sýknukröfu sína þeim rökum, að skv. áritun stefnanda sjálfs sé dskj. nr. 2 „Tryggingarvixill v/hlr. 12402“. Hins vegar sé ekki að því vikið, að stefnanda sé nú heimilt að grípa til þessarar tryggingar, þar sem ekki hafi verið sýnt fram á, að skuld sé á hlaupareikningi nr. 12402. Greiðsluskylda stefndu sé því engin eða a. m. k. ókomin. Sýknukrafan styðjist við ákvæði 69. gr. einkamálalaga.

IV.

Stefnandi hefur lagt fram víxil, sem er í samræmi við mála-vaxtalýsingu hans að öllu leyti. Vixillinn fullnægir form-skil-yrðum víxla skv. víxillögum nr. 93/1933, og getur víxilhafi neytt allra þeirra réttinda, sem víxillinn veitir honum, sbr. 19. gr. sömu laga.

Stefndu hafa ekki haft uppi neinar þær varnir, sem koma má að skv. 208. gr. laga nr. 85/1936, og öðrum vörnum verður ekki komið að án samþykkis stefnanda.

Samkvæmt framansögðu verða kröfur stefnanda teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 235.000.

Sigríður Ólafsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Alexander Sigurðsson og Sigurður Guðbrandsson, greiði in solidum stefnanda, Landsbanka Íslands, kr. 1.000.000 með 3% dráttarvöxtum á mánuði frá 29. nóvember 1977 til greiðsludags, kr. 1.900 í afsagnarkostnað og kr. 235.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
